

Alþingi
Erindi nr. P 138/2686
komudagur 4.6.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2010
Mál nr. 1006001

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá
Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum**

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál.

Samtökin taka undir að Alþingi eigi að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hafa forgöngu um kanna þessa möguleika til hlítar.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P / 38 / 2735
komudagur 8.6.2010

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Samgöngunefnd Alþingis

7. júní 2010

**Efni: Umsögn um þingsályktun um ferjusiglingar frá
Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál**

Landssamband smábátæigenda tekur undir framkomna þingsályktun og efni greinargerðar sem henni fylgir. LS telur þó að könnunin sem af henni leiðir eigi einnig að ná til Þorlákshafnar. Með því fengist faglegur samanburður á hagkvæmni staðanna sem leiða mundi til meiri líkinda á að af ferjusiglingum milli Bretlands og Íslands verði í náinni framtíð.

Landssambandið beinir því til samgöngunefndar að veita þingsályktuninni brautargengi með framangreindri breytingu.

Virðingarfyllt,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P/138/2575
komudagur 27.5.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík


Reykjavík, 26. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál.

Þingsályktunartillagan felur það í sér að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hafi forgöngu um að kanna til hlítar hagkvæmni á ferjusiglingum frá Bretlandseyjum til Vestmannaeyja þegar ný Landeyjahöfn hefur verið tekin í notkun.

Samtök atvinnulífsins líta á það sem verkefni fyrirtækja og atvinnulífsins að koma á og standa fyrir ferjusiglingum á umræddri leið sé það talið hagkvæmt. Vilji stjórnvöld hafa frumkvæði að könnun á hagkvæmni slíkra siglinga er eðlilegt að hún sé m.a. unnin í samvinnu við þá sem þegar reka ferjusiglingar milli Íslands og Evrópu og skipafélög sem nú annast flutninga til Bretlands með viðkomu í Vestmannaeyjum.

Virðingarfyllst,


Halldór Árnason



Alþingi
Erindi nr. P 138/2766
komudagur 9.6.2010

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 08.06.2010
Tilv. 023
HJ

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum.


Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 19. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál.

Siglingastofnun Íslands hefur um nokkurra ára skeið unnið að rannsóknum sem tengjast möguleikum á byggingu stórskipakants í Eyjum. Nokkrir möguleikar eru þar fyrir hendi, hver með sína kosti og galla. Í rannsóknarvinnunni hefur verið gengið út frá þeirri forsendu að flutningamynstur verði áfram líkt og nú er þegar flutningaskip koma á leið til Evrópu og taka fisk til úflutnings, en að skipin verði stærri í framtíðinni. Jafnframt er gert ráð fyrir að farþegaskip geti lagst að kantinum. Þetta hefur þýtt stuttan viðkomutíma og litla þörf fyrir landsvæði en góða tengingu við uppskipunarstaði hafnarinnar og fiskverkunarstaði.

Líklegt má telja að ferjusiglingar milli Bretlandseyja og Vestmannaeyja komi til með að gera meiri kröfur til landrýmis og betri tengingar við ferjulægi Herjólfis. Ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Bretlandseyja er áhugaverður kostur. Spurning er, hvort útvíkka eigi skoðunina þannig að einnig sé litið til fleiri viðkomustaða, t.d. Þorlákshafnar og innan Faxaflóa, Keflavíkur og Hafnarfjarðar. Þá er einkum verið að líta til útflutnings á sjávarafurðum.

Fyrir liggur að Vestmannaeyjahöfn getur tekið á móti allt að 140-150 metra löngum skipum en með tilkomu stórskipahafnar norðan við Eiðið eða á Skansfjöru gætu skipin verið yfir 200 metra löng.

Virðingarfyllst,
F.h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2490
komudagur 21.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. maí 2010
Tilvísun: 2010050054/90.12
SE/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 19.05.2010.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál.

Með tölvupósti dags. 19.05.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.